

# Fóðurblandan

## Svínafóður

Einn allra stærsti áhrifaþáttur í rekstri svínabúa til að hámarka afurðir er rétt fóðrun gripanna. Rétt fóðrun gegnir lykilstöðu hvað varðar gotstærð, lífslíkur grísa, vaxtarhraða, fallþunga og almennt heilbrigði.

Fóðurblandan býður upp á heildstæða fóðurlínu fyrir svín, allt frá fæðingu grísa og fram að slátrun. Fóðurþarfir grísa og gyltna eru mjög mismunandi eftir aldri og þunga. Því eru fóðurtegundir okkar sérhannaðar með þarfir gripanna í huga á hverjum tímapunkti fyrir sig. Magn próteins, orku, mjólkursykurs, steinefna og vítamína er sérlagað að hverju aldurskeiði.

Með notkun á heilfóðri Fóðurblöndunnar, losna bændur við alla fóðurblöndun á búinu. Framleiðslutækni okkar tryggir einsleitt fóður, sem stuðlar að aukinni fóðurnýtingu og bættum vexti. Hægt er að fá fóðrið kurlað eða kögglað, en fóður í kögglaformi minnkar rykmyndun til muna. Hitameðhöndlun í framleiðslu tryggir hreinleika fóðurs og minnkar til muna hættu á smitsjúkdómum og óhreinindum.

Tilbúið heilfóður í stað eigin blöndunar sparar mikinn tíma í vinnu, lækkar orkukostnað til muna. Fjárfestingar og viðhald vegna fóðurblöndunarþjónnaðar verður óþörf.

Fóðurlína Fóðurblöndunnar samanstendur af fimm mismunandi fóðurtegundum fyrir eldisgrísi og tveimur fóðurtegundum fyrir gyltur, á mjólkurskeiði og í geldstöðu:

Mjólkurgrís og Spenagrís eru nýjar fóðurtegundir hjá Fóðurblöndunni. Þær eru sérhannaðar í samstarfi við erlenda séræðinga í samstarfi við Fóðurblönduna. Þessar blöndur innihalda viðbætt meltingarensím sem stuðla að aukinni fóðurnýtingu kolvetna og fosfórs, og þar með auknum vexti og hagkvæmni í fóðrun. Spenagrís 1 og 2 innihalda Hy-D, sérstakt form D-vítamíns sem er á leysanlegra formi en hefðbundið D-vítamín, og nýtist því grísunum mun betur.

### Mjólkurgrís

Hentar smágrísunum, 1- 4 vikna gömlum, eða 4-7 kg þungum. Mjólkurgrís inniheldur öll nauðsynleg næringarefni til að stuðla að heilbrigðum vexti og þroska stoðkerfis og metlingakerfis. Kostir þessa fóðurs eru meðal annars:

- Fjölbreyttar uppsprettur próteins; fiskimjöl, mysuprótein, kartöfluprótein, sojaprótein
- Viðbættar anímósýrur til að hámarka vöxt og heilbrigði grísanna
- Hátt hlutfall mjólkursykurs úr mysudufti
- Ensím sem auka fóðurnýtingu og hraða vexti.
- Bakteríur til að styrkja þarmaflóruna og auka heilbrigði grísa.
- Sýrur til að auka hreinleika fóðurs og minnka líkur á skitu
- Hentugt hlutfall stein-, snefilefna og ríkulegt magn vítamína
- Hy-D er endurbætt D-vítamín, á leysanlegra formi en hefðbundið D-vítamín og nýtsist því grísunum betur

#### Sendum um allt land

Hafðu samband  
570 9800

FB Verslun Selfossi  
Austurvegi 64a  
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli  
Hlíðarvegi 2-4  
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum  
Miðvangi 31  
570 9860

FB Verslun Hellu  
Suðurlandsvegi 4  
570 9870

## Spenagrís

Hentar smágrísum frá 6 til 12 kg þunga, eða 3 vikna til 6-7 vikna gömlum. Helstu eiginleikar fóðursins eru meðal annars:

- Fjölbreyttur uppsprettur próteins; fiskimjöl, mysuprótein, kartöfluprótein, sojaprótein
- Viðbættar aínósýrur til að hámarka vöxt og heilbrigði grísanna
- Ensím sem auka fóðurnýtingu og hraða vexti
- Minna magn mjólkursykurs en í Mjólkurgrís
- Bakteríur til að styrkja þarmaflóruna og auka heilbrigði grísa
- Sýrur til að auka hreinleika fóðurs og minnka líkur á skitu
- Hentugt hlutfall stein-, snefilefna og ríkulegt magn vítamína
- Hy-D vítamin er endurbætt D-vítamín á leysanlegra formi en hefðbundið D-vítamín og nýtist því grísunum betur

## Smágrísaköggjar

Smágrísaköggjar eru ætlaðir grísum frá 12-25 kg þunga eða 6-7 vikna að 11-12 vikna aldri. Orku- og próteinríkt heilfóður fyrir smágrísi.

- Sérstaklega viðbættar aínósýrur
- Sýrur til að auka hreinleika fóðurs og minnka líkur á sýkingum og skitu
- Hentugt hlutfall stein-, snefilefna og ríkulegt magn vítamína
- Inniheldur trénisríka hafra sem stuðla að bættri meltingu

## Vaxtargrís

Vaxtargrís er vaxtarfóður fyrir grísi í eldi sem eru 25-50 kg þungir eða 11-12 vikna að 16-18 vikna aldri. Fóðið er gríðar orkuríkt með próteininnihald sem hentar þyngdarfloknum. Fóðið inniheldur meðal annars fiskimjöl.

## Eldisgrís

Lokafóður fyrir grísi í eldi. Inniheldur ekki fiskimjöl. Hentar grísum þyngri en 50 kg og fram til slátrunar. Eldisgrís er sérstaklega ætlað til að auka vaxtarhraða og þyngdaraukningu fyrir slátrun, ásamt því að miða áfram að góðu heilbrigði.

## Mjólkurgyltuköggjar

Heilfóður fyrir gyltur á mjólkurskeiði. Fóðursamsetning sér til þess að gyltan fái öll þau næringarefni sem hún þarfnast til að framleiða hágæða mjólk fyrir grísina, ásamt því að haldast heilbrigð og í góðum holdum.

## Geldgyltuköggjar

Heilfóður fyrir gyltur í geldstöðu. Fóðurþarfir gyltna í geldstöðu eru allt aðrar en hjá mjólkandi gyltum. Gefið geldgyltufóður þar til 3-5 dögum fyrir got en þá er skipt yfir í mjólkurgyltuköggla.

### Sendum um allt land

Hafðu samband  
570 9800

FB Verslun Selfossi  
Austurvegi 64a  
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli  
Hlíðarvegi 2-4  
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum  
Miðvangi 31  
570 9860

FB Verslun Hellu  
Suðurlandsvegi 4  
570 9870